

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 8 í stjórn Herjólfss ohf., símafundur mánudaginn 20. ágúst 2018 kl. 17:00.

Mættir eru Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Dóra Björk Gunnarsdóttir (DBG).

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. Ráðningarmál

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

2. Önnur mál

2.1 Starfsmannamál

Rætt um birtingu nafna þeirra sem sóttu um starf framkvæmdastjóra. Niðurstaðan var sú að nöfn umsækjenda verða birt á morgun, 21. ágúst 2018, en Capacent ætlar að setja sig í samband við umsækjendur og upplýsa þá um birtinguna ef einhverjir umsækjendur vilja draga umsókn sína til baka í ljósi þessa áður en listinn verður birtur.

GG fer einnig yfir stöðu ráðningarmála um aðrar stöður um borð og í landi en umsóknarfrestur um þær stöður er ekki liðinn.

2.2 Beiðni Njáls Ragnarssonar, formanns bæjarráðs, um minnispunkta um stöðu mála

LB upplýsir stjórn um framkomna beiðni Njáls Ragnarssonar, formanns bæjarráðs. LB upplýsir að hann hafi tekið sama minnispunkta sem hann sendi stjórnarmönnum meðan á fundinum stóð. Farið stuttlega yfir minnispunktana og samþykkt að það sem þar komi fram endurspegli stöðu mála.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði ABl.